

Nd.

## 406. Frumvarp til laga

[57. mál]

um orlof húsmæðra.

(Eftir 3. umr. í Ed., 6. maí.)

### 1. gr.

Komið skal á fót orlofsnefndum, einni eða fleiri, á starfssvæði hvers héraðs-sambands kvenfélaga, er hafi það hlutverk að sjá um veitingu orlofsfjár til húsmæðra, skipulagningu hvíldarstaða þeirra og ferðalaga svo og önnur verkefni í því sambandi. Þar sem mæðrastyrksnefndir eru starfandi á orlofssvæðinu, skulu orlofsnefndir leita samstarfs við þær.

### 2. gr.

Í hverri orlofsnefnd skulu vera þrjár konur, kosnar á aðalfundi hlutaðeigandi héraðssambands, og þrjár til vara. Kosið skal til þriggja ára í senn. Orlofsnefndir skipta sjálfar með sér verkum. Þær skulu vera ólaunaðar.

### 3. gr.

Fé orlofssjóðs skal fengið með þessum hætti:

1. Ríkissjóður greiðir árlega upphæð, sem svarar til minnst 10 kr. fyrir hverja húsmóður á landinu.
2. Með framlögum bæjar- og hreppsfélaga.
3. Með framlögum kvenfélaga og kvenfélagasambanda.
4. Með gjöfum, áheitum og öðrum þeim hætti, sem orlofsnefndum og kvenfélögum þykir henta.

Framlögum samkvæmt 1. lið skiptir félagsmálaráðuneytið milli orlofssvæða með hliðsjón af mótframlögum samkvæmt 2., 3. og 4. lið.

### 4. gr.

Rétt til orlofsfjár eiga allar konur, sem veita heimili forstöðu án launagreiðslu fyrir það starf. Enn fremur má veita orlofsfé vegna barna allt að 10 ára aldri, helming á móti konu, ef sérstaklega stendur á. Orlof skal að jafnaði ekki vera styttra en 10—14 dagar.

### 5. gr.

Við úthlutun orlofsfjár, er getur numið öllum kostnaði við fullt orlof, skulu orlofsnefndir hafa til hliðsjónar efnabag fjölskyldunnar, barnafjölda og aldur þeirra, húsnæði og heilsufar svo og aðrar þær ástæður, sem að áliti orlofsnefndar ber sérstaklega að taka tillit til.

Geyma má fé orlofssjóðs milli ára, ef ástæða þykir til.

### 6. gr.

Félagsmálaráðuneytið skal láta prenta umsóknareyðublöð fyrir umsóknir um orlofsfé til húsmæðra og senda orlofsnefndum.

### 7. gr.

Á meðan ekki hafa verið reist sérstök orlofsheimili, skulu orlofsnefndir hafa samvinnu við félagsmálaráðuneytið og menntamálaráðuneytið og aðra hlutaðeigendur um afnot skóla og annarra opinberra bygginga til orlofsdvalar, eftir því sem við verður komið.

### 8. gr.

Skylt er orlofsnefndum að senda félagsmálaráðuneytinu árlega skýrslu um starfsemi sína ásamt reikningsskilum.

### 9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.